

## 81.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

81.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 11.ágúst 2017 og hófst kl. 12.00.

Mætt voru: Hulda Elsa, Erla Kristín, Þórunn og Gry. Alex og Rósa boðuðu forföll. María sat fundinn.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Mótaskrá 2018

Mótanefnd hefur sett fram fyrstu drög að mótaskrá 2018.

Stjórnin ákvað eftirfarandi

- bætt verða inn á mótaskrá ÍM unglunga og öldunga í bekkpressu og klassískri bekkpressu og verður gerð breyting á texta reglugerða um kraftlyftingakeppni í samræmi við það. **Gry** breytir texta.
- byrjendamót verður áfram haldið í tengslum við dómaraþróf. Úrslit þar gilda sem lágmörk á innanlandsmót en ekki til landsliðspáttöku og verður gerð breyting á texta um ferli við landsliðsval í samræmi við þetta. **Gry** breytir texta.
- félög geta fengið opin mót sett á mótaskrá og gilda um þau viðeigandi ákvæði í reglugerð um kraftlyftingakeppni. Úrslit þar gilda sem lágmörk á innanlandsmót en ekki til landsliðspáttöku og verður gerð breyting á texta um ferli við landsliðsval í samræmi við þetta. **Gry** breytir texta.
- ÍM í réttstöðulyftu verður áfram á mótaskrá. Lagt til að það fari fram í byrjun september.
- lagt til að skipta um dagsetningu á bekkpressumótunum og bikarmótið í klassískri þríþraut
- **stjórnarmenn** fara nánara yfir dagsetningar á næstu dögum og leitað álits utan stjórnar, **mótanefnd** mun leggja fram endanlega tillögu í næstu viku.
- í tölvupósti fyrir fundinn lýsti Alex áhyggjum af deilum og ósætti í mótanefnd og hafði fyrir því orð Þorbergs nefndarmanns. Nefndarmennirnir Þórunn og Gry könnuðust ekki við það en **Gry** falið að leita skýringa.

Þórunn vék af fundi.

3. Frá landsliðsnefnd

Farið var yfir skráningar á Norðurlandamót unglunga, en nokkuð hefur fækkað í hópnum.

**María** hefur umsjón með samningum og skráningum og fylgist með ferða- og hótelpöntunum.

KFA skráði einn keppanda á rangt mót og hefur sent beiðni um leiðréttingu. **María** hefur samband við mótshaldara og kannar möguleika á undanþágu frá skráningarreglum.

Eftir er að staðfesta þátttöku dómara. **María** með málið.

Eftir er að birta landsliðsval seinni hluta árs eins og reglur segja til um. **Maríu** falið að gera það sem fyrst.

4. Samskipti við afrekssjóð

Stjórn KRAFT sendi frá sér bréf til stjórnar afrekssjóðs dagsett 28.juli sl og var það unnið og samþykkt í tölvupóstsamskiptum og undirritað af formanni.

Skila þarf stöðuskýrslu til sjóðsins fyrir 15.ágúst nk og var **Maríu** og **Gry** falið að taka hana saman.

**Erla Kristín** tók að sér að hafa samband við afrekssjóð og kanna stöðuna varðandi seinni úthlutunar úr sjóðnum.

5. Viðurkenning á árangri afreksmanna.

Ákveðið að taka upp þann hátt að senda blóm og heillaóskaskeyti til allra keppenda sem komast á verðlaunapall í opnum flokki á EM og HM.

Júlían J. K. Jóhannsson ávann sér þátttökurétt á World Games fyrstur íslenskra kraftlyftingamanna og ákvað stjórn að senda honum kveðju að því tilefni. **Gry** falið að setja hana saman.

## 81.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

### 6. Endurskoðun laga KRAFT.

Ákveðið að óska ákveðið eftir því við laganefnd að vinna við endurskoðun laga verður hröðuð svo hægt verði að bera nýjar tillögur undir laganefnd ÍSÍ og leggja fyrir Kraftlyftingaþing 2018. **Hulda Elsa** kemur því á framfæri.

### 7. Agamál KDH.

Rangt var farið með nafn félagsins í úrskurði aganefndar og neitar forsvarsmaður félagsins að ganga frá sektargreiðslu.

**Gry** falið að rekja misskilninginn og **Hulda Elsa** fylgir málinu eftir.

### 8. kraft.is

Ákveðið að nota vefinn til reglubundinnar kynningar á félögum og iðkendum um allt land. **Gry** tók að sér að hefja þetta verkefni.

Erla vék af fundi.

### 9. Önnur mál

Engin tillaga hefur borist frá búninganefnd. **Gry** falið að ganga eftir því.

**María** kannar tilkomu reiknings sem var að berast vegna búningakaupa.

**Gry** birtir ársskýrslu 2016 á vefinn að fengnu samþykki fyrrverandi formanns.

Ekkert fleira gerðist.

Fundi slitið kl 13.30

Fundarritari Gry Ek